



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga að stækkun akstursbannssvæðis hópbifreiða

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um að umferð hópbifreiða og annarra ökutækja yfir átta metra á lengd verði bönnuð á eftirfarandi götum. Undanþegin banni verði ökutæki merkt akstursþjónusta sem fellur undir lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, ökutæki merkt Reykjavíkurborg og sorphirðu.

- Ásvallagata, Bakkastígur, Bárugata vestan Ægisdötu, Blómvallagata, Brávallagata, Brekkustígur, Brunnstígur, Bræðraborgarstígur, Framnesvegur austan Sólvallagötu, Garðastræti, Grófin, Hávallagata, Holtsgata, Hólatorg, Hólavallagata, Hrannarstígur, Kirkjugarðsstígur, Ljósvallagata, Marargata, Naustin, Nýlendugata, Ránargata vestan Ægisdötu, Seljavegur, Sólvallagata, Stýrimannastígur, Tryggvagata, Túngata vestan Hrannarsstígs, Unnarstígur, Vesturgata vestan Ægisdötu að Ánanaustum, Vesturvallagata, Öldugata vestan Ægisdötu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Ferðþjónusta óx mikið á áratugnum eftir bankahrunið 2008. Fylgífiskur þess vaxtar var akstur stórra hópbifreiða í þéttu umhverfi miðborgarinnar, svo árið 2015 var lagt á bann við akstri ökutækja lengri en 8 metra á svæði innan hennar. Árið 2017 var svo nýtt fyrirkomulag tekið í notkun, þar sem hópbifreiðum var einnig gert óheimilt að aka innan bannsvæðisins og útvegaði borgin þess í stað stæði sem ætluð eru hópbifreiðum til að ná í og skila af sér farþegum, safnstæði hópbifreiða. Þetta kerfi hefur reynst ágætlega, en hafa stæðin tekið einhverjum breytingum.

Gististöðum hefur fjölgað í vestari hluta miðborgarinnar og í gamla vesturbænum á síðustu árum og sem viðbragð við því, m.a. að ósk akstursaðila, var útbúið safnstæði á Mýrargötu við Vesturbugt. Á sama tíma hafa íbúar svæðisins kallað eftir því að akstursbannssvæðið verði stækkað til vesturs. Götur gamla vesturbæjarins eru ekki ósvipaðar götum miðborgarinnar, þ.e. mjóar götur með þröngum gatnamótum. Er því lagt til að akstursbannssvæði hópbifreiða verði útvíkkað til að ná um allar götur innan svæðis sem afmarkast af Hringbraut, Suðurgötu, Vonarstræti, Lækjargötu, Kalkofnsvegi, Geirsgötu, Mýrargötu og Ánanaustum; að undanskildum Hofsvallagötu, Túngötu austan Hrannarsstígs, Ægisdötu, Suðurgötu og Vonarstræti.



Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt: Teikning sem sýnir afmörkuð núverandi svæði (hvít) og tillögu að nýjum svæðum (rauð) sem lagt er til að óheimilt verði að aka hóp bifreiðum og öðrum ökutækjum lengri en 8 metra.

